

Fimmtudaginn 2. október 1980.

Nr. 80/1977. **Landflutningar h/f**  
 (Tómas Gunnarsson hrl.)  
 gegn  
**Þorgeiri Þorkelssyni**  
 (Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skaðabótamál.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1977. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 85.735 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi rak erindi annars manns, er hann vitjaði fiskkassa þeirra, sem í málinu greinir. Hann kunni ógjörla skil á nafni viðtakanda kassanna eða annarri auðkenningu þeirra. Þetta var starfsmanni áfrýjanda ljóst, er hann ákvað að fá stefnda í hendur kassa þá, sem Erlingur Kristjánsson átti, og lagði fyrir stefnda fylgibréf ritað á hans nafn, til að stefndi kvittaði fyrir móttöku kassanna. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta þá úrlausn hans, að stefndi sé ekki skaðabótaskyldur gagnvart áfrýjanda vegna móttöku

sinnar og meðferðar á fiskkössunum. Kemur þá eigi til álita, hvort skaðabótakrafa áfrýjanda, ef einhver hefði verið, kynni að hafa verið fyrnd, er mál þetta var höfðað.

Eftir þessum úrslitum ber að staðfesta málskostnaðar-ákvæði hins áfrýjaða dóms og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 160.000 krónur.

Það athugast, að mál þetta átti að dæma á bæjarþingi, en eigi í sjó- og verslunardómi, en ekki verður hinn áfrýjaði dómur þó ómerktur af þessari ástæðu.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Landflutningar h/f, greiði stefnda, Þorgeiri Þorkelssyni, 160.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 6. apríl 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 22. mars sl., höfðaði Landflutningar h/f, Héðinsgötu við Kleppsveg, Reykjavík, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 9. des. 1975, gegn Þorgeiri Þorkelssyni bifreiðarstjóra, Grensásvegi 56, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 85.735 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, einnig til greiðslu málskostnaðar eftir reikningi lögmanns stefnanda eða mati réttarins.

Við munnlegan málflutning voru af hálfu stefnanda gerðar sömu dómkröfur og greindar eru í stefnu, en til vara var gerð sú dómkrafa, að stefndi yrði dæmdur til að greiða kr. 78.700 með 7% ársvöxtum frá 1. nóv. 1971 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins.

Stefndi hefur krafist þess aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara er gerð sú dómkrafa af hálfu stefnda, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

Með úrskurði, uppkveðnum 17. sept. sl., var frávisunarkröfu stefnda hrundið.

## II.

Málavextir virðast vera þeir, að sumarið 1971, í júlí, hafi Sverrir Bjarnason, þáverandi verkstjóri hjá Sjófangi h/f, farið þess á leit við stefnda, sem starfar sem vörubifreiðarstjóri á Vörubílastöðinni Þrótti, að hann færi á afgreiðslu stefnanda, sem rekur vöruflutningaafgreiðslu hér í borg, og sækti 100 fiskkassa og flytti þá til Grindavíkur og Keflavíkur. Þar átti stefndi að sækja rækju og aka með farminn til Reykjavíkur og síðan til Bíldudals. Stefndi fór á afgreiðslu stefnanda, og þar voru honum afhentir 100 fiskkassar. Síðan mun stefndi hafa gert það, sem hann var beðinn um að gera. Hjá Sjófangi h/f var ísað yfir rækju þá, sem stefndi hafði sótt til Suðurnesja, og þar mun hafa verið skilið eftir töluvert af kössum þeim, sem stefndi sótti á afgreiðslu stefnanda.

Seinna kom í ljós, að kassar þeir, sem stefnda höfðu verið afhentir, voru eign annars aðilja en þeirra, sem stefndi vann fyrir. Sendandi kassanna, Bjarg h/f á Akureyri, mun hafa afhent móttakanda kassanna nýja kassa í stað þeirra, sem afhentir voru stefnda. Hér fyrir dómi hefur því verið lýst yfir af hálfu stefnanda, að stefnandi hafi skuldbundið sig til þess að greiða Bjargi h/f andvirði kassanna, þ. e. kr. 78.700.

Mál þetta var rannsakað hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, í sakadómi Reykjavíkur og sakadómi Barðastrandarsýslu. Að loknum þessum rannsóknum taldi ríkissaksóknari í bréfi sínu, dags. 25. sept. 1975, ekki tilefni til aðgerða í málinu. Hér fyrir dómi hafa farið fram nokkrar yfirheyrslur vegna máls þessa.

Rétt þykir að rekja nokkuð það, sem fram kom í þessum yfirheyrslum.

Fyrir rannsóknarlögreglu bar stefndi, að Sverrir Bjarnason hefði í júlí 1971 spurt sig, hvort hann gæti tekið fyrir sig túr inn í Landflutninga við Héðinsgötu og sótt þangað 100 stykki af fiskkössum úr plasti, fara síðan til Keflavíkur og taka fleiri kassa og síðan til Sandgerðis og taka rækju úr fjórum bátum, en þetta hafi átt að verða 8 til 9 smálestir, og síðan kvaðst stefndi hafa átt að fara með þetta til Bíldudals. Sverrir hafi beðið sig um að skrifa hjá sér, hvað hann ætti að gera og hafi það átt að

vera í þessari röð. Stefndi kvaðst hafa skrifað þetta á laust blað hjá sér og hafa farið beint inn í Landflutninga, en stefndi kvaðst ekki hafa verið með nein plögg í höndunum frá Sverri varðandi kassana, og kvaðst stefndi ekki muna, hvort nokkuð hefði verið nefnt um það, hvaðan kassarnir hefðu komið í Landflutninga eða á hvern þeir væru skráðir. Þegar stefndi kom inn eftir og bað um kassana, sagði hann, að einhverjar vöflur hefðu orðið varðandi afgreiðsluna, og kvaðst stefndi hafa tekið það skýrt fram, að sér yrðu ekki afhentir kassarnir, ef eitthvað væri ekki í lagi. Stefndi kvaðst ekki þekkja afgreiðslufólkið og ekki muna, hverjir voru þarna, en afgreiðslustúlkan hafi hringt eitthvað og sagt svo, að það væri í lagi að afhenda sér þá, og það hafi verið gert. Stefndi kvaðst svo hafa kvittað fyrir móttöku kassanna á bíl-inn, en það sé á nótu, sem lá frammi hjá rannsóknarlögreglu, þar sem eigandi sé skráður Erling Kristjánsson skipstjóri, Marargötu 3, Grindavík. Stefndi kvaðst ekki hafa vitað um viðskipti milli hans og Sverris. Stefndi kvaðst síðan hafa farið í túrinn, eins og Sverrir hafi beðið sig um, en það hafi ekki orðið nema milli 4 og 5 smálestir af rækju, sem stefndi tók og fór með vestur. Megnið af kössunum, sem stefndi tók í Keflavík, hafi farið undir rækjuna, en þeir hafi verið frá Rækjuveri. Það hafi ekki verið nema 10 til 12 kassar af þessum nýju, sem stefndi fór með vestur, en afganginn hafi Sverrir tekið um kvöldið til geymslu vestur í Sjófangi, en síðan hafi stefndi farið. Stefndi sagðist hafa átt að hitta Eyjólf Þorkelsson í Keflavík, en hann væri framkvæmdastjóri fyrir Rækjuveri í Bildudal og hafi hann átt eitthvað að aðstoða sig suðurfrá, en stefndi kvaðst ekki hafa hitt hann. Stefndi sagðist ekki hafa fengið túrinn greiddan, þegar hann kom til Bildudals, og hafi hann tekið skreið til baka fyrir sama fyrirtæki. Stefndi kvaðst ekkert hafa í höndunum um, að Sverrir hefði sent sig eftir umræddum fiskkössum, því miðanum kvaðst stefndi hafa hent, enda hafi hann ekki verið skrifaður af Sverri. Um mánuði eftir að ferðin var farin, kvaðst stefndi hafa heyrt, að þetta hefði ekki verið í lagi með kassana, eða þegar maður hringdi á stöðina og spurði, hvort hann, stefndi, hefði tekið þá. Stefndi sagðist hafa sagt mannum eins og var með það, þ. e. að Sverrir hefði sent sig eftir þeim, en Sverrir hafi aldrei nefnt, hvort kassarnir ættu að vera nýir eða gamlir. Hann hafi bara átt að sækja 100 kassa. Svo hafi lögmaður stefnanda hringt í sig og hafi hann spurt um kassana, og kvaðst stefndi hafa sagt honum sömu söguna. Eitt kvöldið kvaðst stefndi hafa

fengið bréf frá lögmanninum með kröfu um greiðslu á kössunum. Þá kvaðst stefndi hafa náð í Sverri og sagt honum frá þessu, en hann hafi sagt, að stefndi þyrfti ekki að hafa áhyggjur af þessu, hann skyldi tala við lögmanninn.

Hjá rannsóknarlögreglu neitaði stefndi algerlega að greiða verð kassanna, eins og krafist var, eða kr. 78.700. Einnig neitaði hann að greiða reikninginn frá lögmanni stefnanda, kr. 7.035, enda kvaðst stefndi vera algerlega saklaus varðandi þetta, og kvaðst hann ekki betur sjá en að það væri á ábyrgð stefnanda, ef þeir afhentu manni vöru, án þess að hann væri með neitt í höndunum um, að hann mætti taka hana. Stefndi tók fram, að ef hann hefði haft nokkurn minnsta grun um, að það væri ekki í lagi að taka kassana fyrir Sverri, þá hefði hann aldrei gert það.

Í seinna skiptið, sem stefndi mætti hjá rannsóknarlögreglunni vegna máls þessa, bar hann, að hann myndi vel, að það hefðu ekki verið aðrir kassar þarna í skemmunni en þessir 100 kassar, sem hann fékk afgreidda. Hann kvaðst hafa farið beint inn í skemmuna og hafa rætt við afgreiðslumennina þar, en verið vísað á skrifstofuna. Stefndi kvaðst muna vel eftir því, að ekki hafi verið nefnt neitt nafn um vörusendingareiganda inni í skemmunni, og ekki kvaðst hann muna, hvaða nöfn honum voru gefin upp af Sverri, og hafi hann nefnt nafnið Kristjánsson, hafi það verið á miðanum, en stefndi kvaðst ekki muna það frekar. Stefnda var sýnt fylgibréfið, og kvaðst hann ekki muna, hvort húið var að rita bréf þetta eða hvort það var ritað þarna á staðnum. Stefndi kannaðist við undirskrift sína á skjalinu. Stefndi taldi, að ekki hefðu verið notaðir nema tæpir 20 kassar af þessum nýju kössum, sem hann sótti, því um borð í bátinn hafi farið 10 til 15 kassar af þeim nýju, en afgangurinn hafi farið af bílnum hjá Sjófangi.

Hér fyrir dómi bar stefndi, að hann hefði tekið skýrt fram, að sér yrðu ekki afhentir kassar, nema það væri allt í lagi, og kvaðst hann hafa beðið þarna upp undir hálfan tíma, frá því að hann kom fyrst og þangað til honum voru afhentir kassar. Stefndi kvaðst halda, að um 90 kassar hefðu orðið eftir í Sjófangi.

Fyrir rannsóknarlögreglu bar Sverrir Bjarnason, að á árinu 1971 hefði hann verið öðru hverju verkstjóri hjá Sjófangi h/f. Á Bíldudal sé fyrirtæki, sem heiti Rækjuver, og forstjórinn fyrir því heiti Eyjólfur Þorkelsson. Sverrir kvaðst hafa átt viðskipti við Eyjólf, þannig að hann kvaðst hafa selt Eyjólf rækju og það

hefði verið um samið milli þeirra, að Eyjólfur keypti af sér rækju og að Eyjólfur annaðist og greiddi flutningana og legði til kassa. Svo hafi komið þar, að Eyjólfur hafi beðið sig að sjá um að fá bíl í Reykjavík til flutnings á rækju vestur á Bíldudal frá Sandgerði og hafi hann jafnframt sagt sér, að hann ætti kassa liggjandi í Landflutningum, og hann hafi beðið sig um að láta bílinn taka þessa kassa, sem voru tómir, inni á Landflutningum og fara með þá suður í Sandgerði og taka þar rækju í þá af tilteknum bátum og fara með hana vestur. Sverrir kvaðst hafa farið á Vörubílastöðina Prótt og hafa látið stefnda hafa miða með nöfnum bátanna, sem hann hafi átt að taka rækjuna úr, einnig nafn Eyjólfss og Rækjuvers, sem hann átti að flytja vöruna til, og kvaðst hann hafa beðið stefnda um að taka kassa inni í Landflutningum. Hve marga, kvaðst Sverrir ekki muna. Kassarnir, sem Eyjólfur átti á Landflutningum, hafi komið þangað frá Bíldudal. Sverrir kvaðst ekki muna, hve margir kassar það voru, sem Þorgeir átti að taka, eða hvort það var nefnt, því Sverrir kvaðst halda, að Eyjólfur hefði ekki vitað það sjálfur, því verkstjórinn hans fyrir vestan hafi sent kassana og það eigi að vera til fylgibréf yfir þá. Það næsta, sem skeði, hafi verið, að stefndi kom til Reykjavíkur úr túrnum frá Sandgerði einhvern tíma undir morgun næsta dag og þá hafi þeir farið með bílinn vestur í Sjófang og þar hafi verið ísað yfir og þar hafi nokkrir tómir kassar verið teknir af. Töluna kvaðst Sverrir ekki muna, en síðan hafi bíllinn farið með hlassið, eins og það kom fyrir, vestur. Sumt af þessum kössum hafi verið nýir. Kassarnir frá Bjargi séu allt öðruvísi en þeir, sem Rækjuver notaði, og sagði Sverrir, að sig minnti, að eitthvað af svoleiðis kössum hefðu farið af bílnum, en Sverrir kvaðst ekkert athugavert hafa séð við það, enda hafi hann ekki vitað nema Eyjólfur væri búinn að byrgja sig upp af kössum. Sverrir kvaðst svo ekki hafa vitað annað en að þetta væri allt í lagi, fyrr en lögfræðingurinn fór að tala um þetta. Sverrir kvaðst hafa sagt lögfræðingnum alveg, hvernig þetta hefði verið og hvaða fyrirmæli bílstjórinn hefði fengið hjá sér, enda kvaðst Sverrir vita, að hann hefði ekki farið að stela þessum kössum. Það, sem hafi skeð, væri, að það hafi verið afhentir „feil“-kassar. Sverrir kvaðst ekkert hafa grætt á þessum kössum, því kassar þeir, sem notaðir hafi verið, hafi tilheyrt Eyjólf, eða Sverrir kvaðst ekki vita annað, og því kvaðst Sverrir neita að greiða kröfuna. Ómögulegt sé að vita, hvar kassar séu nið-urkomnir núna, því þeir gangi á milli báta og fyrirtækja og flest-

öll fyrirtæki merki sér kassana, þegar þau fá þá, svo að þeir glattist síður. Sverrir sagði, að þegar hann hefði vitað um mistökin í þessu með kassana, þá hafi kassarnir, sem teknir voru af bílnum hjá stefnda og voru búnir að liggja vesturfrá, verið farnir hingað og þangað og því vonlaust að hafa upp á þeim. Sverrir tók sérstaklega fram, að þetta hafi verið Sjófangi h/f algerlega óviðkomandi.

Fyrir sakadómi Barðastrandarsýslu bar Eyjólfur Þorkelsson, framkvæmdastjóri Rækjuvers h/f, að Rækjuver h/f og Sverrir Bjarnason, verkstjóri hjá Sjófangi h/f, hefðu átt viðskipti saman. Viðskiptin hafi verið tvíþætt að því leyti, að þau hafi verið bæði við Sverri persónulega og eins við Sjófang h/f. Hin persónulegu viðskipti hafi verið í sambandi við það, að Sverrir hafi gert út tvo rækjubáta. Í júní 1971 hafi Rækjuver h/f tekið á leigu bát í Keflavík, m/b Ingibjörgu, og gert hann út til rækjuveiða við Eldey. Síðan hafi rækjan verið flutt með ýmsum flutningsaðiljum frá Suðurnesjum til Bíldudals. Til þess að fylla upp í bílfarma í þessum flutningum hafi verið keyptur rækjuafli af bátum Sverris Bjarnasonar, sem annars hafi lagt upp afla hjá Sjófangi h/f. Megnið af rækjunni hafi verið flutt vestur með Vesturleið h/f, Patreksfirði, er hafi aðsetur sitt hjá Landflutningum h/f. Hafi þarna verið um að ræða flutning bæði á rækju vestur og tímum kössum suður. Það hafi aðeins verið í tvö eða þrjú skipti, að aðrir aðiljar en Vesturleið h/f önnuðust umrædda flutninga þetta sumar. Eyjólfur kvaðst hafa beðið Sverri að senda eftir kössunum í afgreiðslu Landflutninga, þar sem hann kvaðst hafa talið, að Rækjuver ætti þar kassa undir rækju, er fluttir hefðu verið suður með Vesturleið h/f. Eyjólfur kvaðst ekki hafa tiltekið neinn ákveðinn fjölda kassa við Sverri í þessu sambandi, enda hafi sér ekki verið kunnugt um nákvæma tölu. Fiskkassar Rækjuvers h/f hafi verið af franskri gerð, „Alibert“. Eyjólfur kvaðst hafa verið staddur í Sandgerði, er m/b Ingibjörg kom að landi úr sjóferð þeirri, er stefndi skyldi taka rækju úr bátnum til flutnings vestur. Eyjólfur kvaðst ekki hafa talað neitt við stefnda í umrætt sinn, en séð, að hann hafði komið með nýja kassa á bifreiðinni, og hafi þeir verið búntaðir saman. Þegar Eyjólfur kom að, hafi verið búið að setja þessi kassabúnt um borð í m/b Ingibjörgu. Kvaðst Eyjólfur þá hafa séð, að hér var ekki um að ræða fiskkassana frá Rækjuveri h/f. Kvaðst Eyjólfur þá hafa gefið skipverjum fyrirmæli um að setja kassana í land og fá í staðinn lánaða kassa frá Jökli h/f. Eyjólfur kvaðst ekki

vita nánar um framkvæmd þessara hluta, enda hafi hann haft þarna skamma viðstöðu. Kassarnir frá Jökli h/f hafi verið grænar að lit og hafi þeir komið vestur með rækju, sem var flutt vestur til Bildudals með Vesturleið h/f úr næstu sjóferð á eftir þeirri, sem hér um ræðir. Engir af kössum þeim, sem settir höfðu verið um borð í m/b Ingibjörgu í Sandgerði og fyrr getur um, séu eða hafi verið í notkun hjá Rækjuveri h/f.

Fyrir sakadómi Barðastrandarsýslu bar Ólafur Gunnar Þórðarson, verkstjóri hjá Rækjuveri h/f, Bildudal, að yfirleitt hefði rækja verið flutt vestur með bifreiðum Vesturleiðar h/f. Ólafur kvaðst muna eftir komu bifreiðar þeirrar, er Sverrir Bjarnason hefði útvegað í júlí 1971. Ólafur kvaðst hafa tekið á móti rækjunni af bifreiðinni, sem var stór vörubifreið, og hafi rækjan verið í fiskkössum frá Rækjuveri og eins að einhverju leyti í fiskkössum, sem Rækjuver átti ekki. Ekki kvaðst Ólafur muna örugglega, hversu margir kassarnir hafi verið, en sagði, að sig minnti, að hér hefði ekki verið um að ræða heilan bílfarm af rækju. Kassarnir, sem Rækjuver átti ekki, hafi verið fremur stórir, hvítir að lit og úr þunnu efni. Vörubifreiðarstjórinn hafi sagt sér, að hann hefði sótt umrædda kassa á afgreiðslu Landflutninga h/f samkvæmt beiðni Sverris Bjarnasonar hjá Sjófangi og farið með þá suður á Suðurnes í sambandi við umrædda rækjuflutninga vestur. Ólafur kvaðst hafa séð um sendingu kassanna suður aftur með annarri bifreið síðar og hafi kassarnir þá verið sendir til Sjófangs h/f, sem hafi annast móttöku og geymslu á rækju frá Suðurnesjum fyrir Rækjuver h/f á þessum tíma. Kassar þessir hafi aldrei komið vestur aftur. Á þeim tíma, sem kassar þessir voru teknir hjá Landflutningum, hafi Rækjuver átt að eiga geymda kassa þar.

Fyrir rannsóknarlögreglu bar Andrés Haukur Ágústsson, framkvæmdastjóri stefnanda, að þá er atvik það skeði, sem mál þetta er af risið, hafi hann ekki verið við í fyrirtækinu. Sá háttur sé á hafður, þegar komið er með vöru utan af landi, að það sé ekki tekið við henni nema henni fylgi vörufylgibréf. Hafi ekki verið búið að ganga frá bréfinu, áður en varan er afhent, sé fylgibréfið ritað strax, því það sé ekki tekið við vörunni án þess. Sá háttur sé á hafður við afgreiðslu út frá stöðinni, að sá, sem spyr um vörur, verði að gefa upp nafn þess, er vöruna eigi að fá, og helst, hver sé sendandi. Sé þetta gert vegna þess, að hver bifreið hafi sína skjalamöppu, og því handhægara að leita vörunnar þar. Þegar afgreiðslustúlkurnar séu búnar að finna fylgibréfið, sé

varan afhent og viðtakandi látinn kvitta á fylgibréfið. Það séu vanalega stúlkurnar, sem eru á símanum, sem sjái um verk þetta. Er þetta atvik skeði, hafi verið stúlka, sem heitir Guðrún I. Hlíðar, á símanum, og hafi hún tjáð sér síðar, að hún hafi fullvissað sig um, að sá, sem sótti vöruna, væri í fullum rétti með það, eftir að vera búin að kanna það, fyrir hvern bifreiðarstjórinn var að sækja vöruna. Framkvæmdastjóri stefnanda sagði, að ekki væri til í gögnum stefnanda, að Eyjólfur Þorkelsson hafi átt pantaða nýja kassa frá Bjargi. En sér hafi ekki unnist tími til þess að kanna það, hvort Eyjólfur hafi átt sendingu af notuðum kössum hjá stefnanda um þessar mundir. Hér fyrir dómi bar framkvæmdastjóri stefnanda, að hann hefði farið í gegnum pappíra stöðvarinnar og ekkert fundið um tóma fiskkassa að vestan og ekkert, sem gaf til kynna, að Eyjólfur Þorkelsson hefði átt sendingu af notuðum kössum hjá stefnanda á þeim tíma, sem hér um ræðir. Það sé hreinasta undantekning, ef þeir, sem séu að sækja vörur á afgreiðsluna, komi með fylgibréf, sem fylgir vörunni, sem verið er að sækja.

Hér fyrir dómi kvaðst framkvæmdastjórinn halda, að hann hafi greitt reikninginn á dskj. nr. 4.

Fyrir rannsóknarlögreglu bar Guðrún Ingibjörg Hlíðar, að hún hefði afgreitt vöru þá, sem málið er af risið, frá stöð stefnanda á árinu 1971. Guðrún kvaðst hafa haft þann starfa hjá stöðinni að vera við símann og sjá um að leita að fylgibréfum og síðan að afgreiða þau fram í vöruafgreiðsluna, eftir að viðtakandi væri búinn að kvitta á þau og greiða kostnað, ef hann var. Er umrætt atvik skeði, kvaðst Guðrún muna, að ungur vöru-bifreiðarstjóri hafi komið inn á afgreiðsluna og hafi sagst vera sendur til þess að sækja 100 plastfiskkassa og þegar hún hafi innt hann frekar eftir þessu, hafi hann ekki munað vel, fyrir hvern hann var að sækja þetta, en einhvern veginn hafi það komið fram, að maðurinn væri skipstjóri og væri Kristjánsson, að hann minnti, en um fornafn vissi hann ekki. Guðrún kvað það fast í sínu minni, að maðurinn hefði nefnt Grindavík sem útgerðarstað skipstjórans. Guðrún kvaðst hafa kannað þetta betur og hafi komið í ljós, að Erling Kristjánsson, skipstjóri í Grindavík, hafi átt þarna 100 kassa pöntun frá fyrirtækinu Bjargi á Akureyri. Guðrún kvaðst hafa leitað í símaskránni og hafa fundið þar þetta nafn og því talið, að maðurinn væri að sækja vöruna fyrir hann. Guðrún kvaðst ekki minnast þess að hafa hringt neitt út í bæ og því síður út á land. En nafnið Sjófang hafi kom-

ið inn í samtal þeirra, en hvernig kvaðst hún ekki muna. Eftir að hafa verið búin að kanna þetta, kvaðst Guðrún hafa gengið frá fylgibréfinu þannig, að hún hafi látið bifreiðarstjórann kvitta á fylgibréfið og hafi hún beðið hann að setja bílnúmerið sitt á bréfið, sem hann hafi gert. Varan hafi síðan verið afgreidd út af vörulager, og kvaðst Guðrún ekki vita annað, en að allt væri í lagi með vöru þessa, þar til nokkru eftir þetta, að Erling hafi beðið um pöntun sína og þá hafi komið í ljós, að vörubifreiðarstjórinn var ekki að sækja vöru þessa fyrir hann. Guðrún kvaðst ekki hafa skrifað vörufylgibréfið, ekki sjáist á því, að nein krafa hafi verið færð á það sem geymslugjald eða afgreiðslugjald og hafi bifreiðarstjóranum því verið afhent varan án nokkurrar greiðslu.

### III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að á tímabilinu 26. júlí 1971 til 1. ágúst s. á. hafi stefndi tekið 100 stk. fiskkassa úr plasti úr afgreiðslu stefnanda eftir að hafa gefið upplýsingar um, að hann væri að sækja 100 fiskkassa fyrir skipstjóra úr Grindavík, sem hann myndi ekki fornafn á, en væri Kristjánsson. Þar sem á þessum tíma hafi ekki verið um að ræða aðra nýja kassa í vöruafgreiðslu stefnanda á þeim tíma og ekki kunnugt um neina aðra kassa til manns úr Grindavík í vörugeymslunni, hafi honum verið afhentir 100 stk. nýrra kassa, sem Erling Kristjánsson skipstjóri, Grindavík, hafi átt að fá, enda hafi hann þá áður kvittað fyrir móttöku kassanna, þar sem glögglega hafi verið tekið fram, að greindur Erling Kristjánsson væri viðtakandi þeirra. Síðar hafi komið í ljós, að stefndi hafi alls ekki verið umboðsmaður Erlings Kristjánssonar og ekkert hafi komið fram síðar þrátt fyrir tímafrekar og allítarlegar rannsóknaraðgerðir rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, sakadóms Reykjavíkur og sakadóms Barðastrandarsýslu, að stefndi hafi á þessum tíma átt að sækja nokkra aðra kassa á vöruafgreiðslu stefnanda. Framburði stefnda og þeirra manna, sem hann beri fyrir sig, að hafi sent hann, beri ekki saman í mikilsverðum atriðum. Eftir að ljóst varð, að stefndi hefði ekki haft heimild til viðtöku kassanna, hafi af hálfu stefnanda verið leitast við að upplýsa málið og það tekist að nokkru, þótt ekki hafi náðst samræmi í upplýsingar, en beiðni til stefnda um að greiða kassana hafi verið alfarið synjað. Þá hafi verið einnig gengist í því að útvega hinum rétta viðtakanda kassanna nýja kassa í stað þeirra, sem stefndi

hafði tekið í heimildarleysi, jafnframt hafi af hálfu sendanda kassanna verið gerður reikningur til stefnanda fyrir fyrri kössunum, kr. 78.700, sem stefndi hafi tekið. Þegar sýnt hafi verið, að ekki tækist að leysa málið án réttaraðgerða, og til að reyna að fá skjóta lausn á því og raunar einnig vegna þess, að það hafi þótt best við hæfi vegna óheimillar töku kassanna, hafi málinu verið vísað til sakadóms Reykjavíkur. Niðurstaða þeirra aðgerða hafi verið sú, að ríkissaksóknari hafi í bréfi sínu, dags. 25. sept. 1975, ekki talið tilefni til annarra aðgerða í málinu en þeirra, sem þá voru að baki, en ekki talið tilefni til ákæru. Hafi því ekki verið tækifæri til að fá dæmda bótakröfu á hendur stefnda fyrir sakadómi Reykjavíkur. Hinn hluti kröfu stefnanda, kr. 7.035, sé vegna lögmannsbóknunar við að afla gagna um málið á fyrsta stigi þess á árinu 1971 og rita kæru og kröfugerð til sakadóms auk tilrauna lögmanns, munnlega og skriflega, til þess að fá kassana greidda hjá stefnda. Hafi þeim kröfum verið hafnað.

Við munnlegan málflytning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að sendandi kassanna og stefnandi hefðu orðið fyrir tjóni. Stefndi hafi lýst því yfir við Bjarg h/f, að stefnandi teldi sig bótaábyrgan gagnvart Bjargi h/f. Dskj. nr. 4 og 5 sýni tjónið. Stefndi hafi kvittað fyrir móttöku kassanna á dskj. nr. 3, stefndi hafi ekki haft umboð til þess að taka kassana, þeim hafi ekki verið skilað.

Við munnlegan málflytning var því sérstaklega mótmælt, að krafan væri fyrnd, þetta sé skaðabótakrafa, skaðabótakröfur fyrnist á 10 árum. Jafnframt var því haldið fram, að það að lýsa kröfu fyrir sakadómi hlyti að slíta fyrningu.

Af hálfu stefnda er sýknukrafa rökstudd með því í fyrsta lagi, að stefndi sé ekki réttur aðili að máli þessu. Hann komi aðeins fram sem starfsmaður og eða umboðsmaður Sverris Ragnars Bjarnasonar og Rækjuvers h/f. Stefndi hafi því miklu frekar átt að beina kröfum sínum að þessum aðiljum. Það sé í umboði þessara aðilja sem stefndi sé sendur í afgreiðslu stefnanda og það séu þessir aðiljar, sem taki við hinum umræddu fiskkössum. Beri þeim því tvímælalaust að standa stefnanda skil á kössunum. Sérstaklega eigi þetta ef til vill við um Rækjuver h/f, sem virðist hafa gert sér það í upphafi ljóst, að umræddir kassar væru eigi þeirra eign. Það megi öllum vera ljóst, að vörubifreiðarstjórar svo og sendibifreiðarstjórar séu oft á tíðum sendir til þess að sækja hina og þessa hluti og séu þá jafn-

framt látnir kvitta fyrir móttöku þeirra. Í slíkum tilfellum komi þeir fram sem starfsmenn og eða umboðsmenn sendenda. Geti því eigi verið um að ræða sjálfstæðan kröfurétt á hendur þeim, ef sannað sé, að þeir hafi skilað af sér til sendanda viðkomandi hlutum. Í máli þessu sé það sannað, að Rækjuver h/f svo og Sverrir Bjarnason hafi tekið við hinum umræddu kössum, og ætti því stefndi samkvæmt framansögðu að vera laus allra mála. Hér sé um ótvíræðan aðildarskort að ræða, sem leiði til sýknu.

Í öðru lagi er sýknukrafan á því byggð, að stefnandi hafi eigi sýnt fram á það, að hann hafi orðið að greiða hina umstefndu fjárhæð. Hann hafi aðeins lagt fram ókvittaðan reikning frá s/f Bjargi, dags. 22. júlí 1971, eða fjórum dögum áður en stefndi veitti kössunum viðtöku. Stefnanda hafi ekki tekist að sanna, að hann hafi orðið að greiða kassa þessa. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stefnandi leggi á síðari stigum málsins fram kvittaðan reikning, á þeirri forsendu, að slík framlagning sé of seint fram komin.

Í þriðja lagi sé sýknukrafan á því byggð, að krafa stefnanda sé fyrnd. Hér sé um að ræða venjulega skuld, sem sæti fjögurra ára fyrningu. Hinn umræddi atburður hafi átt sér stað 26. júlí 1971, en mál þetta hafi verið þingfest 12. desember 1975. Hér sé ekki um að ræða skaðabótakröfu í þess orðs fyllstu merkingu, heldur venjulega skuldakröfu, eins og fyrr hafi verið vikið að.

Kröfu stefnanda um greiðslu á reikningi lögmanns hans, að fjárhæð kr. 7.035, er sérstaklega mótmælt. Endurkrafa þessi sé í fyrsta lagi fyrnd, en auk þess eigi hún engan rétt á sér, þar sem hér sé um að ræða kostnað vegna gagnaöflunar í máli þessu og mundi því að öllu jöfnu vera innifalin í málskostnaðarkröfu stefnanda.

Varakrafa stefnda um lækkun á stefnukröfu er við það miðuð, að stefnanda hafi ekki tekist að sanna, að skuld stefnda nemi þeirri fjárhæð, sem stefnt er út af. Hann virðist byggja kröfugerð sína á reikningum á dskj. nr. 4 og 5. Eins og áður sé vikið að, þá sé reikningurinn á dskj. nr. 4 ókvittaður og því sé með öllu ósannað, hvað stefnandi hafi greitt fyrir viðkomandi kassa. Einingarverðinu sé því alfarið mótmælt, enda hafi stefndi á engan hátt skuldbundið sig til þess að greiða þar tilgreint verð.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að ljóst sé, að mistök hafi orðið hjá starfsfólki stefnanda varðandi afhendingu kassanna. Stefndi hafi ekki tekið

kassana, honum hafi verið afhentir kassarnir. Þarna hafi ekkert refsivert verið framið. Kassarnir hafi ekki verið sviknir út, því síður stolið. Kæran til sakadóms hafi verið ástæðulaus. Stefndi hafi ekkert grætt á kössunum. Ósannað sé, að Bjarg h/f hafi gert kröfu á hendur stefnanda um andvirði kassanna. Stefnandi geti ekki gert kröfu, fyrr en hann hafi sjálfur greitt andvirði kassanna.

## IV.

## Álit dómsins.

Stefndi hefur viðurkennt að hafa veitt móttöku vörum þeim, sem mál þetta er af risið. Jafnframt liggur fyrir, að stefndi veitti vörunum móttöku fyrir aðra en sjálfan sig og að hann afhenti þeim aðiljum, sem hann var að vinna fyrir, vörunar. Stefndi auðgaðist ekki á vörum þessum. Ekkert er fram komið um, að stefndi hafi beitt svikum eða sýnt af sér vítavert gáleysi, þá er hann veitti vörunum viðtöku. Undir rekstri málsins hefur ekki verið sýnt fram á þá hegðun stefnda, að fella beri skaðabóta-ábyrgð á hann á meintu tjóni stefnanda.

Stefna var birt 9. des. 1975. Samkvæmt dskj. nr. 3 var varan afhent 26. júlí 1971. Er því krafa þessi niður fallin fyrir fyrningu, samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga nr. 14 frá 1905, enda verður ekki á þá skoðun stefnanda fallist, að rannsókn málsins fyrir rannsóknarlögreglu, sakadómi Reykjavíkur og sakadómi Barðastrandarsýslu hafi slitið fyrningu, sbr. 11. gr. sömu laga.

Átelja ber ummæli af hálfu stefnanda um óheimila töku stefnda á vörum þeim, sem málið er af risið, og jafnframt fullyrðingar um, að varan hafi verið svikin út.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefnda kr. 40.000 í málskostnað.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Pétur Sigurðsson kaupmaður og Jóhann J. Ólafsson kaupmaður.

## Dómsorð:

Stefndi, Þorgeir Þorkelsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Landflutninga h/f, í máli þessu. Stefnandi greiði stefnda kr. 40.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.